



Reykjavík 24. september 2020

## Afstaða ASÍ vegna endurskoðunar kjarasamninga í september 2020


### A/ Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Kjarasamningar aðildarféлага ASÍ á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru vorið 2019 undir heitinu lífskjarasamningar hafa það að meginmarkmiði að stuðla að auknum kaupmætti og lægri vöxtum til frambúðar. Samningarnir gilda úr árið 2022 og hvíla á þremur forsendum;

1. Kaupmáttur launa aukist á samningstímanum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands
2. Vextir lækki verulega fram að endurskoðun samningsins í september 2020 og haldist lágir út samningstímann
3. Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar „Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga“ og „Yfirlýsing stjórnvalda um aðgerðir til að draga úr vægi verðtryggingar“ sem gefnar voru út í tengslum við kjarasamning þennan.

### B/ Mat á forsendum í september 2020


#### 1. Kaupmáttur launa á samningstímanum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands



Á samningstíma lífskjarasamningsins hefur launavísitala Hagstofu Íslands hækkað um 8,8%, m.v. júlí 2020 en inn í þeirri hækkun eru tvær samningsbundnar launahækkanir í apríl 2019 og apríl 2020. Á sama tímabili hefur verðlag mælt með vísitölu neysluverðs hækkað um 3,8%.

Kaupmáttur launa hefur því aukist um 4,8% það sem af er samningstímanum og forsenda um aukinn kaupmátt launa því staðist.

## 2. Veruleg lækkun vaxta fram að endurskoðun í september 2020



Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru 4,5% við undirritun kjarasamninga í apríl 2019 en í síðari hluta maímánaðar hóst lækkunarhrina og stýrivextir lækkuðu um samtals 1,5 prósentustig í fimm vaxtaákvörðunum á árinu 2019. Það sem af er þessu ári hafa stýrivextir haldið áfram að lækka, um samtals 2 prósentustig í fjórum vaxtaákvörðunum í febrúar, í tvígang í mars og í maí.

Stýrivextir hafa því lækkað úr 4,5% í 1% eða um 3,5 prósentustig það sem af er samningstímanum og forsenda um lækkun vaxta því staðist.

## 3. Efnidir stjórnvalda á gefnum yfirlýsingum í tengslum við lífsskjarasamninginn

Stjórnvöld gáfu út tvær yfirlýsingar í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í aprílbyrjun 2019. Sú fyrri „*Stuðningur stjórnvalda við lífsskjarasamninga*“ er í 38 liðum og fjallar um umbætur í skattamálum, fæðingarorlofi, barnabótum, húsnæðismálum og lífeyrismálum auk aðgerða gegn félagslegum undirboðum, hagstjórn, vinnumarkað, verðlag og aðgerðir til að einfalda regluverk og eftirlit – sem stjórnvöld muni leggja fyrir Alþingi eða beita sér að öðru leyti fyrir að komi til framkvæmda á árunum 2019-2022. Af 38 liðum yfirlýsingarinnar er kveðið sérstaklega á um tímamörk aðgerða í fimm liðum.

- **Liður 4 - Fæðingarorlof:** Lengist úr níu mánuðum í tíu í ársbyrjun 2020 og í 12 mánuði í ársbyrjun 2021.  
Samþykkt með lögum nr. 149/2019 um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þann 17. desember 2019.
- **Liður 5 - Barnabætur:** Skerðingamörk barnabóta hækki í 325.000 kr. á mánuði á árinu 2020.  
Samþykkt með lögum nr. 132/2019 um breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þann 12. desember 2019
- **Liður 6 - Framlög í almenna íbúðakerfið** verði aukin um tvo milljarða króna á hverju ári á árunum 2020-2022.

Samþykkt stofnframlög til almennra íbúða í fjárlögum ársins 2020 eru ríflega 3,7 milljarðar króna sem er aukning frá fyrri áformum til samræmis við yfirlýsinguna.

Þá var í samþykkttri fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 sem afgreidd var frá Alþingi í júní 2019 gert ráð fyrir að stofnframlög til almennra íbúða yrðu aukin í 3,8 milljarða króna á ári á árunum 2020-2022 sem er aukning til samræmis við loforð í yfirlýsingu stjórnvalda. Framlagningu nýrrar fjármálaáætlunar vegna árána 2021-2025 var í vor frestað fram til 1. október og upplýsingar um frekari framlög liggja því ekki fyrir á þessari stundu.

- **Liður 10 - Ráðstöfun séreignarsparnaðar:** Framlend í tvö ár heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á húsnæðislán, frá 1. júlí 2019 – 30. júní 2021.

Samþykkt með lögum nr. 60/2019 um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þann 21. júní 2019

- **Liður 34 - Gjaldskrár ríkisins:** Gjaldskrár ríkisins hækki ekki á árinu 2019 umfram það sem komið er til framkvæmda (við útgáfu yfirlýsingarinnar) og á árinu 2020 munu gjöld hækka um 2,5% að hámarki.

Gekk eftir í meginatriðum skv. samþykktum hækkunum í fjárlögum og tengdum málum.

Síðari yfirlýsing stjórnvalda sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga vorið 2019 „Yfirlýsing ríkisstjórnar um markviss skref til afnáms verðtryggingar“ er í sjö liðum þar af er kveðið sérstaklega á um tímamörk aðgerða í fimm liðum.

- **Liður 1 - Hámark 25 ára verðtryggð lán:** Frá og með ársbyrjun 2020 verði óheimilt að veita verðtryggð jafngreiðslulán til neytenda til lengri tíma en 25 ára nema með ákveðnum skilyrðum.

Ágreiningur hefur ekki verið um þá fyrirætlun að gera lánveitingarnar óheimilar skv. þessum lið heldur um þau skilyrði sem heimila frávík. Stjórnvöld hafa kynnt frumvarp og leitað eftir umsögnum aðila. Samtök atvinnulífsins styðja þau áform sem felast í frumvarpsdrögum. Í umsögn sinni halda þau til haga atriðum sem þau segjast hafa lýst yfir í samtölum við stjórnvöld og forystufólk viðsemjenda sinna í aðdraganda undirritunar lífskjarasamninga, þ.e. að fjölgun valkosta sé betri en fækkun, að áhætta geti aukist ef verðtrygging miðist við verðbólgu án húsnæðisliðar, og að viðkvæmstu hóparnir (ungt fólk og tekjulágir) megi samkvæmt frumvarpsdrögum áfram taka þau lán þar sem eignamyndun er hægust, þ.e. verðtryggð jafngreiðslulán til lengri tíma en 25 ára. ASÍ taldi undanþágur of rúmar í þeim frumvarpsdrögum sem kynnt voru til þess að breytingin hefði til ætluð áhrif. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að þrátt fyrir að ekki hafi tekist að ná endanlegu samkomulagi við ASÍ um þau skilyrði sem heimila frávík frá 25 ára reglunni, verði frumvarpið lagt fram á Alþingi. ASÍ lítur því svo á, að í ljósi ástæðna þess hvers vegna frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi í kjölfar þess að það var kynnt í samráðsgátt í júlí 2019 (mál nr. 178/2019) og að fengnum umsögnum í því ferli, að framlagning þess á haustþingi 2020 feli í sér efndir á þessum lið m.v. orðalag yfirlýsingarinnar.

- **Liður 2 - Lágmarkstími verðtryggðra lána:** Frá ársbyrjun 2020 verði lágmarkstími verðtryggðra lána lengdur úr fimm árum í tíu.

Ákvæði þessa efnis var að finna í umræddum frumvarpsdrögum frá sumrinu 2019 en hefur ekki verið lögfest. Um afstöðu vísast til liðar 1.

- **Liður 3 - VTN án húsnæðis grundvöllur verðtryggingar:** Frá ársbyrjun 2020 verði vísitala neysliverðs án húsnæðis grundvöllur verðtryggingar í lögum um vexti og verðtryggingu á nýjum neytendalánum.

Aðilar eru ásáttir um að falla frá þessum áformum í ljósi breyttra forsendna.

- **Liður 4 - Athugun á aðferðafræði VTN:** Fyrir lok júní 2020 verði lokið athugun á aðferðafræði við útreikning á vísitölu neysluverðs út frá alþjóðlegum samanburði og leitað til erlendra sérfræðinga.

Nefnd um aðferðafræði við útreikning á vísitölu neysluverðs skilaði skýrslu í lok júní 2020. Meginniðurstaða úttektarinnar er að aðferðafræði við útreikning á húsnæðislið VTN er í samræmi við alþjóðleg viðmið og aðstæður hér á landi en nefndin telur æskilegt að Hagstofan rýni hugmyndir Dr. Zieschang um breytingar og umbætur.

- **Liður 5 - Frekari takmörkun við veitingu verðtryggðra jafngreiðslulána:** Fyrir árslok 2020 liggja fyrir ákvörðun um frekari takmörkun við veitingu verðtryggðra jafngreiðslulána að gefnum forsendum um stöðugleika og vaxtastig.

Hugmyndir um slíkar takmarkanir liggja ekki fyrir en tímamörk aðgerðarinnar eru ekki liðin.